

Formáli

Inngangur

Árið 2005 var Vesturbæjarskóli móðurskóli í verkefninu Drengir og grunnskólinn. Megin markmið þess var að finna leiðir til að auka velferð drengja í grunnskólanum. Vorið 2007 heimsótti hópurinn frá Vesturbæjarskóla tvo skóla sem tekið höfðu þátt í rannsókn í samstarfi við háskólann í Cambridge. Skólarnir voru valdir í rannsóknina vegna þess það var minni munur á árangri drengja og stúlkna í námi en í flestum öðrum skólum. Einnig virtist drengjum líða betur í þessum skólum en öðrum.

Í öðrum skólanum, Ardleigh Green Junior School kynntumst við nýjum og spennandi hugmyndum fræðikonunnar Sue Palmer. Þetta voru aðferðir í ritunarkennslu á borð við sjónræn skilaboð, skýr markmið og markvissa þjálfun. Áhersla er lögð á ritunarinnlagnir, lokamarkmið og skýrar fyrirmyndir sem sýna hvernig gott verkefni lítur út.

Sue Palmer er fyrrverandi skólastjóri í Skotlandi. Í dag starfar hún sem rithöfundur og er vinsæll fyrirlesari. Sue Palmer hefur skrifað yfir 250 bækur þar á meðal kennsluefni í ritun sem kallast Skeleton books. Við réðumst í að þýða eina af bókum hennar sem hefur hlotið nafnið *Beinagrindur – Handbók um ritun*. Hér á vefnum er að finna innlagnir og fleira sem við höfum samið og styðja við beinagrindurnar.

Markmið

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir meðal annars um markmið í ritun:

- vera fær um að tjá hugmyndir sínar og skoðanir og færa rök fyrir þeim
- geta byggt upp texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi
- vera fær um að skrifa mismunandi textategundir
- geta nýtt sér einfaldar leiðbeiningar um textagerð og gagnrýni á eigin texta
- hafa góðan orðaforða og vald á ýmsum stílbrigðum
- hafa fengið þjálfun í skapandi skrifum og samið margs konar texta
- kunna að ganga frá texta á stafrænu formi



Uppbygging

Í bókinni eru skýringamyndir sem við köllum beinagrindur. Beinagrindur eru ritunarrámmar sem hjálpa nemandanum að skipuleggja ritun. Ritunarferlið er skýrt frá upphafi til enda. Ritun og læsi eru órjúfanleg heild. Beinagrindurnar koma einnig að góðum notum við lestur, styðja við lesskilning og aðstoða nemandann að átta sig á hvers konar texta hann er að lesa.

Í bókinni eru sex kaflar og fjallar hver kafli um eina textagerð. Textagerðirnar eru *frásögn*, *fræðitexti*, *leiðbeiningar*, *útskýringar*, *sannfæring* og *rökræður*. Kaflarnir eru allir byggðir upp á sama hátt og því auðvelt að nota bókina. Hún hentar vel sem innlög í ritunarkennslu og sem handbók.

Vefefnið byggir á efni bókarinnar. Með hverjum kafla (fyrir utan rökræður) eru tvær innlagnir. Innlagnirnar eru allar uppbyggðar á svipaðan hátt. Kennari getur valið úr hvaða glærum hann notar. Með hverri glæru eru leiðbeiningar fyrir kennara í reitnum fyrir neðan hverja glæru. Hver innlög stendur ein og sér. Það þarf ekki að vinna þær saman eða í réttri röð.

Uppbygging innlagnanna er:

- Dæmi um textagerð
- Beinagrind
- Ritunarrámmi og sýnikennsla
- Verkefni og kveikja
- Námsmat

Í möppunni Hjálparbanki og ítarefni eru eftirtalin skjöl:

Auglýsing – innlög: Þetta eru glærum til að nota sem innlög þegar auglýsingaverkefnið er unnið. Glæurnar eru kveikja, vekja áhuga nemenda á viðfangsefninu og kynna fyrir þeim orðaforða auglýsinga. Markmiðið með verkefninu er að nemendur hanni eigið súkkulaðistykki. Hægt er að sýna allar glæurnar áður en verkefnið er unnið.

Auglýsing – Verkefni til útprentunar: Þetta verkefni fylgir glærुकyningunni. Best er að ljósrita verkefnið báðum megin á A3 blað og brjóta það saman í blöðung.

Á forsiðu eiga nemendur að hanna umbúðir á súkkulaðistykkið sitt, finna nafn og gott slagorð. Á vinstri opnu eiga nemendur að búa til blaða-auglýsingu (Kafli um sannfæringu í Beinagrindur – handbók um ritun). Á hægri opnu eiga nemendur að búa innihaldslýsingu og uppskrift fyrir súkkulaðið sitt (Kafli um leiðbeiningar í Beinagrindur – handbók um ritun). Á baksíðunni eiga nemendur að gera kynningu eða leikna auglýsingu. Gaman er að skipta bekknum í nokkra hópa. Hver hópur velur eitt súkkulaðistykki og semur auglýsingu. Kennari getur tekið auglýsingarnar upp og sýnt hópnum.

Píramídi: Hægt er að prenta píramíðann út og plasta og hafa upp á vegg í stofunni eða prenta út eitt eintak fyrir hvern nemanda.

Veggspjöld: Á veggspjöldunum er að finna ítarefni um allar textagerðirnar. Spjöldin má nota á ýmsan hátt, t.d. getur kennari prentað spjöldin út og hengt upp á vegg á meðan textagerðirnar eru kynntar.

Jafningjamat: Tveir og tveir nemendur vinna matið saman. Þeir skoða verk hvors annars og athuga hvað fer vel í verkinu og hvað má bæta. Þetta getur reynst ungum nemendum erfitt til að byrja með en þeir ná fljótt góðri þjálfun og skoða eigin verk á annan hátt á eftir.

Sjálfsmat: Það getur verið mjög gagnlegt fyrir nemendur að yfirfara eigin verk. Sjálfsmatið er nokkurskonar minnisþing um hvað verkið á að innihalda.

Þrjár stjórnur: Þrjár stjórnur og ósk er ein aðferð í námsmati. Við stjórnurnar þrjár er skrifað hrós en við óskina er skrifað eitthvað sem getur gert verkið enn betra.

Þegar meta á ritun er gott að hafa einkenni og markmið hverrar textagerðar í huga. Hægt er að nota þrjár stjórnur og ósk sem kennaramat, sjálfsmat og jafningjamat. Einnig geta hópar unnið saman og metið aðra hópa. Þessa námsmatsaðferð er einnig tilvalið að nota til að meta annað en námsstöðu.

Gangi ykkur vel.

Hrefna Birna Björnsdóttir
Sigríður Nanna Heimisdóttir